



Upplýsingablað vegna ársskýrslu leikskólans Náttúrleikskólans Krakkakots.

Hagnýtar upplýsingar um leikskólann.

Krakkakot er um 900 fermetrar og er sex deilda. Skólinn er opinn frá kl. 7:30-17:00. Þann 1. Desember 2015 dvöldu 102 börn í skólanum frá 10 mánaða aldri. Börnin dvöldu mislangan vistunartíma erða frá 4 börn í 4-6 stundir og 93 börn í 7-9,5 klst. á dag.

Söðugildi við skólann 1. Janúar 2016 voru 24,78 og alls voru 51% starfsmanna skólans með leikskólakennaramenntun eða aðra háskólamenntun og 40% starfsmanna skólans eru leiðbeinendur og 9% starfsmanna sinna störfum í eldh

Sérstaða leikskólans:

Helsta sérstaða skólans er að í skólanum er dýrahald og náttúran er nýtt til fjölbreyttrar kennslu og útiveru. Mikið af efniviði skólans er sótt í náttúruna. Skólinn er Grænfánaskóli þar sem unnin eru hin ýmsu verkefni til bættrar umgengni við náttúruna, hugað að lýðheilsu, að samfélagi, að orku og almennt að auka umhverfismennt og styrkja menntun til sjálfbærni.

Heimilislegt og kærleiksríkt umhverfi þar sem allir fá notið sín.

Helstu verkefni og áherslur:

Leikurinn er helsta náms og þroskaleið barnsins og á alltaf stærstan sess í leikskólastarfinu. Leiknum er gefið mikið rými í daglegu starfi skólans. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins.

Uppeldis og agastefna skólans er „Uppeldi til ábyrgðar“ Hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar byggist á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar, siðferðilegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun þegar hann er laus undan skömmum, hótunum, sektarkennd eða væntingum og loforðum um umbun og að hann fái tækifæri til að meta lífsgildi sín (Gossen, 2004). Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórnast út frá geðþótta annarra. Til að hjálpa börnunum inn á þessa braut og fá þau til að skoða eigið gildismat er áhersla lögð á spurningar eins og: Hvernig viljum við vera? og Hvað við þurfum að gera til að ná takmarki okkar?

Námsöguskráning: Við vinnum að því að skrá námsögur og safna upplýsingum um hvað barnið gerir og getur. Hvernig barnið lærir og hverjar eru þarfir þess. Námsögumöppuna leggjum við svo til grundvallar í viðtölum okkar við foreldra.

Hugarró nemenda. Í fyrra byrjuðum við á þróunarverkefni sem lítur að því að róa hugan, slaga á og hugleiða. Vekefnið gekk vel og munum við vinna það áfram og þróa betur.

Foreldrasamstarf, áherslur:

Foreldrasamstarf er með miklum ágætum. Við erum með öflugt og virkt foreldrafélag sem stendur fyrir ýmiskonar uppákomum og styrkir starf okkar með t.d. námskeiðum fyrir börnin í dansi og söng. Einnig er starfar foreldraráð við skólann sem kemur að þegar gefa þarf umsagnir um verkefni og fleira sem lítur að skólastarfinu.

Foreldrum er boðið á hina ýmsu viðburði í skólanum yfir árið. Einnig eru foreldrasamtöl tvisvar sinnum á ári. Eitt að vori og annað að hausti óski foreldrar eftir því.



Foreldrar eru einnig boðaðir til foreldrafundar að hausti og tveggja morgunfunda yfir árið þar sem rædd eru fyrirfram ákveðin málefni og foreldrar geta lagt fram fyrirspurnir um leikskólamálin.

Í nýja þróunarverkefninu okkar Vinátta er lögð áhersla á að foreldrar séu virkir þátttakendur og verður foreldrum boðið í morgunverðarrabb þann 9. Nóvember til að kynnst því verkefni betur og ræða um hvernig þeirra þátttaka getur orðið best í verkefninu.

Nýbreytni í leikskólastarfinu:

Þetta árið erum við að fara af stað með Vináttuverkefni Barnaheilla „Vinátta“. Verkefnið er forvarnarverkefni eineltis og kemur að öllum þeim sem að skólanum standa, börn, starfsfólk og foreldrum og er í stórum dráttum þetta:

Í leikskólanum okkar;

- Erum við umburðarlynd
- Erum við alls konar og við berum virðingu fyrir margbreytileikanum
- Sýnum við hvert öðrum umhyggju
- Lærum við að setja okkur mörk
- Erum við hugrökk og bregðumst við órétti sem aðrir eru beittir
- Í leikskólanum okkar er ekki jarðvegur fyrir einelti

Sérfræðipjónusta:

Alls nutu 26 börn sérkennslu eða stuðnings að einhverju tagi. Alls var leikskólanum Krakkakoti úthlutað 0,75 stöðugildi til að sinna sérkennslu barna í skólanum.

Unnið var eftir einstaklingsáætlunum sem útbúnar voru fyrir börnin. Ýmist var unnið með þáu einstaklingslega, í litlum hóp eða inni á viðkomandi deild. Unnið var að markmiðum einstaklingsáætlana undir handleiðslu sérkennslustjóra.

Í skólanum voru 9 börn tvítyngd.

Niðurstöður mats á skólastarfi:

Alls voru átta þættir leikskólastarfsins metnir þetta skólaárið. Niðurstöður mats voru þær að í langflestum tilfellum náðum við markmiðum okkar en þó ekki í öllum.

Það sem við þurfum helst að laga er að setja okkur viðmið til að ná settum markmiðum.

Með kærri kveðju,

Hjördís Ólafsdóttir,

Leikskólastjóri, Náttúruleikskólanum Krakkakoti.